

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971.

Við reglugerðina bætist ný grein, 351. gr. sem hljóði svo:

§ 351: Raflagnir á sprengihættustöðum.

Við hönnun og frágang raflagna á sprengihættustöðum skal fara eftir reglum ÍST L 107/IEC 79, 0–16, *Rafbúnaður fyrir sprengifimt umhverfi*.

Jafnframt skal fara eftir reglum sem fram koma í orðsendingu Rafmagnseftirlits ríkisins nr. 2/92,

Raflagnir á sprengihættustöðum, til leiðbeiningar við hönnun og frágang raflagna á áðurnefndum stöðum.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264 frá 31. desember 1971 er sett samkvæmt lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60 frá 31. maí 1979. Hún tekur þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Helga Jóna Benediksdóttir.

5. febrúar 1992

Nr. 68

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Gjald fyrir hvern hund í Mosfellsbæ sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ nr. 470/1988 skal vera kr. 667,00 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði fyrir tímabilið 1. mars 1992 til jafnlengdar 1993. Gjaldið skal greiðast fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og eigi síðar en á eindaga sem er 1. júní. Heimilt er að reikna dráttarvexti af vangoldnum gjöldum.

2. gr.

Handsömunargjald verður sem hér segir:

Í fyrsta sinn	kr. 4 000,00
Í annað sinn	kr. 6 000,00
Í þriðja sinn	kr. 8 000,00

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. febrúar 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.